

Nd.

65. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Í staðinn fyrir orðin „að styðja bátaútveg landsmanna með hagkvæmum lán-um“ í 1. gr. laganna komi: að styðja sjávarútveg landsmanna með hagkvæmum stofnlánnum.

2. gr.

Síðasta málsg. 2. gr. laganna orðist svo:

III. Fiskveiðasjóðsgjald af útfluttum sjávarafurðum samkvæmt sérstökum lögum.

3. gr.

Í staðinn fyrir „fiskiafurða“ í niðurlagi 4. gr. laganna komi: sjávarafurða.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að $\frac{3}{5}$ virðingarverðs. Sé skip byggt innanlands, má hámark lánsins nema allt að $\frac{3}{4}$, enda komi þá til viðbótar trygging, sem sjóðsstjórnin metur gilda.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti.

Lengsti lánstími er 15 ár og hámarkslán kr. 150000,00.

5. gr.

Í stað „ $\frac{2}{5}$ “ í 6. gr. laganna komi: $\frac{3}{5}$ — og í stað „35“ komi: 75.

6. gr.

Fyrir „ $5\frac{1}{2}\%$ — fimm og hálfur“ í fyrri málsg. 7. gr. laganna komi: 4% — fjórir.

7. gr.

Fyrir orðin „er nánar verður . . . virðingarnar“ í 8. gr. laganna kemur: er sjóðsstjórnin ákveður.

8. gr.

Fyrir „Ákvæði 12., 13. og 14. gr.“ í 15. gr. laganna komi: Ákvæði 11., 12., 13. og 14. gr.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 17 12. febr. 1940.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Svo er til ætlazt, að þetta frv. verði því aðeins lögfest, að samþykkt verði frumvarp um hækkun fiskveiðasjóðsgjaldsins upp í 2%, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi, eða fiskveiðasjóði ætlaðar tilsvaramdi tekjur á annan hátt.

Öllum, sem um það hugsa, er auðsæ nauðsynin á því, að möguleikar verði jafnan fyrir hendi til þess að endurbæta, auka og stækka fiskiskipastólinn. Fiskveiðasjóði er ætlað að veita eðlileg lán til þessa, en með þeim breytingum, sem nú eru að verða á kröfum manna til nýrra skipa --- og er þá sérstaklega átt við eftirspurnina eftir stærri mótorskipum ---, getur hann, að öllu óbreyttu, alls ekki orðið við eðlilegum þörfum útvegsins.

Þá vita það og allir þeir, sem kunnugir eru þessum málum, að nú þegar er farin að verða knýjandi þörf fyrir lán úr sjóðnum til endurbóta á mótorskipaflotanum, umbygginga og vélakaupa, en því hefur sjóðurinn ekki getað sinnt nema að óverulegu leyti, vegna fjárskorts.

Þá er og veruleg nauðsyn á rýmri lánveitingum til byggingar hraðfrystihúsa og fleiri iðjufyrirtækja í sambandi við útveginn.

Undanfarin missiri hefur lítillaga verið reynt að bæta úr þessu með styrkjum og lánnum, sem fiskimálanefnd hefur veitt úr fiskimálasjóði. En það virðist auðsætt, að æskilgt væri, að lán úr fiskveiðasjóði gætu verið það há og hagfelld, að hann gæti innt þetta hlutverk af hendi.

Þess vegna er nú lagt til í þessu frumvarpi, að fiskveiðasjóði verði gert kleift að lána 3%, í stað helmings áður, út á ný skip og hámarkslán hækkað úr 50 þús. upp í 150 þúsund krónur, og 3%, í stað 2% áður, til iðjufyrirtækja og hámark þeirra lána hækkað úr 35 upp í 75 þúsund krónur.

Lengst af lánaði fiskveiðasjóður mest 10 þúsund krónur í einu, síðan 30 þúsund, þá 40 þúsund og nú síðast 50 þúsund krónur. Hærra lán hefur ekki verið veitt. Nú er ætlazt til, að skrefið sé tekið svo stórt, að vel sé við unandi að því er snertir öll fiskiskip, ef til vill að undanteknum stærri togurum, og er þó vonandi, að sjóðurinn gæti síðar hækkað hámarkið þeirra vegna, ef það reynist nauðsynlegt. Á því eru ekki horfur í bili, þar eð miklar líkur eru til, að þróunin í þessum málum verði sú, að fjölga frekar hinum stærri mótorskipum, 75 til 150 rúmlesta.

Samkvæmt reynslu undanfarinna 9 ára ætti 2% fiskveiðasjóðsgjald að gefa sjóðnum ca. 800 þúsund krónur á ári (að vísu meira í núverandi árferði), og gæti þá sjóðurinn lánað árlega hæfileg lán til fimm nýrra mótorskipa ca. 100 rúmlesta, umfram aðrar eðlilegar lánveitingar til smærri skipa, og mætti það teljast þrýðileg aukning og endurnýjun á flotanum.

Auknir lánsmöguleikar sjóðsins eins og hér eru ráðgerðir myndu og mjög ýta undir það, að skipabyggingarnar yrðu hér eftir framkvæmdar innanlands, og er það eitt út af fyrir sig mjög mikilvægt.

Með þeim tekjuauka, sem ætlazt er til, að fiskveiðasjóðnum falli í skaut samkv. breytingunni á lögum um fiskveiðasjóðsgjald, og því, að rikissjóður inni af hendi lögboðið framlag til sjóðsins, eins og gert er ráð fyrir, eiga útlánsvextir sjóðsins að geta lækkað að verulegum mun. Hér er lagt til, að þeir séu lækkaðir frá því, sem nú er, um 1½%, eða niður í 4 af hundraði. Bráðlega ættu vextirnir að geta lækkað enn meir, eða niður í allt að 3 af hundraði.